

Knattspyrnu þjálfara ferð til Manchester 8. – 13. mars.

Hópurinn stóð saman af þjálfurum víðsvegar frá Skandinavíu, komu þjálfarnir frá Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Íslandi.

Ég ætla hér í stuttu máli að renna yfir ferðina.

Fimmtudaginn 8. Kom hópurinn saman í Manchester. Fyrsti dagskrárliður var að hitta þrjár goðsagnir sem eiga það sameiginlegt að hafa leikið á sínum ferli fyrir Manchester City. Þeir félagar Tommy Both, Peter Barnes og Fred tóku okkur aftur í þá gömlu góðu daga. Þeir eru allir í dag „ sendiherrar “ þ.e. fara um víðan völl í nafni Manchester og fara í gegnum söguna og rifja upp gamla tíma. Þeir gætu hugsanlega kallað sig „Tímavélin“ Þeir röktu aðeins sinn feril. Það sem



eftirminnilegast var hjá félögum hvað varðar æfingar þegar þeir voru spilarar voru mánudagsæfingarnar þeirra, þar sem aðáherslan var lögð á mikil og löng hlaup. Svo var staða fótboltans í dag mikið rædd fram og til baka. Þarna varð hin ágætasta kvöldstund þar sem slegið var á léttu strengi sem og mál sem eru ekki eins léttvæg.

Föstudagurinn 9. mars.

Heimsókn í St. George's Park þar sem enska knattspyrnusambandið hefur komið sér aðstöðu fyrir sín landslið. Á svæðinu eru 13 vellir og 13 vallarstjórar!!! Aðalvöllurinn á svæðinu sem er nefndur eftir Sir Bobby Charlton er nákvæmlega eins og Wembley!!!!



Við fengum leiðsögn í gegnum allt hjá þeim á St. George's Park. Þar er að finna bókstaflega allt til alls er viðkemur knattspyrnu.



Einnig hittum við Nigel Clough Knattspyrnustjóra hjá Burton sem leikur í Championship league. Hann sagði okkur frá hefðbundinni viku í vinnu sinni, hvað þeir legðu áherslu á. Hann talaði um að síðasti leikur á undan réði því töluvert hvað þeir legðu áherslu á. Svo fylgdumst við með æfingu hjá liði Burton. Seinnipartinn lá svo leiðin til Liverpool. Þar sáum við leik Liverpool vs. Man.Utd hjá U-23 liðum þessara félaga. Liðin leika í Ligue 2 á Englandi. Það má segja að við höfum dottið í lukkupottinn með þennan leik. Bráð skemmtilegur leikur og ekki skemmdi fyrir að leikið var á Anfield. Völlurinn tekur 54.074 áhorfendur sem gerir hann að 6 stærsta leikvangi á Englandi. Stærð vallarins 101 x 68m.



Laugardagur 10. mars.

Dagurinn er tekinn snemma farið er að sjá leik Man.Utd. vs. Liverpool sem leikinn var á Old Trafford. Þar fengum við einnig ágætisleik og góða skemmtun. Mæli með því að heitir stuðningsmenn Man.Utd. komi við á Bishop fyrir leik og upplifi stemminguna þar, magnað.

Old Trafford tekur 74994 þús. áhorfendur sem gerir völlinn næst stærsta leikvangi á Bretlandseyjum. Það er einungis Wembley sem tekur fleiri áhorfendur.

Sunnudagur 11. mars.

Þennan dag lá leið okkar í heimsókn í Akademíu Manchester City. Þar er allt til alls...við erum að tala um 17 velli. Sér markmannshjálfunar völlum. Blár gervigrasvöllum☺


Við sáum þar leiki með 9 ára strákum, Man.City vs. Stoke. Þar var ekki komið að tónum kofunum, fullt af frábærum leikmönnum sem við sáum þar. Þeir spiluðu 7 vs. 7 þar var búið að minnka völlum aðeins. Hjá hverju yngra liði Man. City eru 2 þjálfarar í fullu starfi. 8 ára



leikmenn ganga kaupum og sölum á milli akademía á 3 – 5þúsund pund!!! Svo hækkar verðið á þeim eftir aldri. Helst vilja þeir ná þeim fyrir 11 ára aldurinn, þá hækkar verðið á þeim töluvert. Hjá Man. City tók yfirþjálfarinn á móti okkur og fór yfir hvernig þeir vinna. Sem var mjög fróðlegt. Í þessari akademíu hjá þeim erum við að tala um 500 leikmenn. Bæði stráka og stelpur. City football er fyrirbæri sem er ótrúlegt þeir eiga með húð og hári Melbourne City karla og kvennalið í Ástralíu, New York City football club karla lið í USA. Svo eiga þeir hlut í Yokohama F. Marions í Japan, Club Atletico Torque í Urugay, Girona FC á Spáni. Tilfinningin fyrir því að það væri bókhalda hjá þessu félagi var hreinlega ekki til staðar. Þess má geta að hjá félaginu eru reknar 26 Akademíur.



Hjá Man. City var greinilega fókusinn settur á einstaklinginn, mikið af hvetjandi orðum uppi á veggjum á göngum. Allt tekið upp, leikir og æfingar. Hér til hliðar má sjá skema sem gert er fyrir hvern og einn leikmann, þar er fókusinn settur á 3 atriði sem leikmaður vinnur sérstaklega með næstu 12 vikur. Þessi einstaklings miðuðu spjöld voru svo uppi á veggjum þar sem leikmenn ganga fram hjá á leið sinni á æfingu. Sunnudagurinn endaði svo á góðu hópsspjalli, þar sem menn miðluðu reynslu sinni og sögðu frá sínu umhverfi þar sem þeir þjálfu. Á þessum fundi komu fram margar skemmtilegar hugmyndir og allir höfðu eitthvað til að leggja í púkkið á þessum góða fundi.



Mánudagur 12. mars.

Á mánudagsmorgunin fór hópurinn upp í rútu árla dags. Ferðinni var nú heitið til Blackburn. Þar sem við fórum í heimsókn í Blackburn Rovers Academy. Blackburn er klúbbur sem má muna sinn fífill fegurri. Liðið spilar nú Ligue 1 eftir að hafa fallið á síðasta tímabili úr Champions deildinni. Eins og staðan er í dag hjá þeim er líklegt að þeir fari aftur upp.

Allt viðmót var mun jarðbundnara og persónulegra en hjá Man.City. Hjá Blackburn fór yfirþjálfari yfir hvernig þeir vinna með sín lið. Aðstaða hjá þessum félögum er eins og hvítt og svart. Þegar okkur bar að garði hjá Blackburn þá var m.a. áætlað að við myndum fylgjast með



æfingum hjá þeim. Vegna veðurs, aðallega bleytu þá voru allar æfingar felldar niður þennan daginn. Það var greinilegt að gott og jákvætt andrúmsloft réði ríkjum hjá Blackburn. Það þarf ekki allt að vera það dýrasta og flottasta. Það sem gladdi hjarta Íslendingisins var viðmótið sem við fengum. Það var almennt mál manna í þessari ferð að hér vorum nær hinum sanna fótbolta anda en við höfðum upplifað hjá Man.City.

Ég vil að lokum þakka barna-og unglingaráði Ægis að hafa gert þessa ferð að veruleika. Sannarlega eitthvað sem maður á eftir að muna eftir. Vonandi tekst okkur í framhaldinu að lyfta okkar starfi upp á við.

Sveinbjörn Jón Ásgrímsson.

